

Fundur Öldungadeildar L Í. 04.12.19

Kristófer Þorleifsson formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann minntist fyrst tveggja félagar er látist hafa frá síðasta fundi, þeirra Guðrúnar Jónsdóttur geðlæknis er lést 27. nóvember 93 ára að aldri og Gylfa Haraldssonar heilsugæslulæknis sem lést 2. desember sl. 73 ára gamall. Risu fundarmenn úr sætum og vottuðu þeim virðingu sína með hljóðri stund.

Síðan kynnti formaður fyrirlesara fundarins, Sigurð Egil Þorvaldsson lýtalækni, en heiti erindis hans er „Hvernig datt þér í hug að fara í frönskunám og skrif lokaritgerðina um 16. aldar lækni? En hann hét Ambrois Paré og var á dögum árin 1510 – 1590. Hann hefur verið nefndur faðir franskra skurðlækninga. Sigurður kvaðst hafa haft gaman af frönskunámi á menntaskólaárum en fyrst þegar að starfslokum hans var komið gafst honum tími til að endurnýja kynnin af þeirri tungu sem varla verður numin að gagni án þess að dvelja í landinu en þar sem hann komst á spor þessa fræga manns og gat rakið þau. Svar SEP við inngangs spurningunni var þetta: „Sagan á alltaf erindi“.

Paré var af fátækum kominn, byrjaði sem landbúnaðarverkamaður en komst til náms sem „bartskeri“ en sem slíkur komst hann í herinn en þar gerðu bartskerar að sárum hermanna, gerði aflimanir o. fl. Hann skráði vel sínar aðgerðir og nýjungar sem honum hugkvæmdist og ritaði allt á franska tungu. Hefðbundin „læknisfræði“ þess tíma var skráð og kennd á latínu sem hann ekki kunnir. Sem stríðslæknir (bráðalæknir) ferðaðist hann víða. Hinir hefðbundnu læknar máttu ekki koma við fólk, en bartskerarnir gerðu það! Þannig gat Paré þróað ýmsar nýjungar s. s. að hnýta fyrir blæðandi æðar, hannaði æðatöng, smíðaði gervifætur, hannaði „skjöld“ sem líktist nefi sem gagnaðist syfilissjúklingum þar sem nefið hafði rotnað af. Hann skrifaði um fósturvendingu þar sem barnið lá í þverstöðu, hannaði vesti til að styðja við boginn hrygg og margt fleirra. Allt þetta gat hann gert í skjóli fjögurra franskra konunga sem hann var ráðgjafi fyrir. Þrátt fyrir að hann var með þessu kominn langt út fyrir verksvið bartskerans.

Í ritum Paré kemur skilningur hans á því hvað þarf til að vera læknir; skilgreining á einkennum, einkenni, mismunagreining, orsök, niðurstöður. Hann sagði: „ein mannsæfi dugar ekki til að afla sér þekkingar sem þarf“, með öðrum orðum; samstarf lækna er nauðsynlegt! Paré skrifaði á alþýðumáli og hafði þannig mikil áhrif á þróun frönskunnar. Hann fór ekki í manngreinaálit. Hann sagði: „Þrotlaus vinna sigrar allt“ og enn fremur: „Ég batt um sár hans, Guð læknaði hann“. Sigurður svaraði að lokum spurningum sem vöknudu.

Erindi Sigurðar var afar vel tekið og honum fært viðurkenningarskjal í þakklætisskini svo og bókargjöf, sem formaður færði honum fyrir hönd ÖLÍ.

60 manns sátu fundinn. Næsti fundur boðaður 8. Janúar 2020.

Fundi slitið.

Jóhannes M. Gunnarsson skráði fundargerð